



SKIPULAGSREGLUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Samþykktar 4. maí 1979
með breytingum samþykktum 1. nóvember 1981, 6. nóvember 1983, 14. apríl 1985,
8. október 1989, 10. mars 1991, 13. október 1996, 14. mars 1999, 14. október 2001,
30. mars 2003, 15. apríl 2007 og 28. mars 2009.

I. KAFLI.....	2
Um landsfund.....	2
II. KAFLI.....	3
Um flokksráð.....	3
III. KAFLI.....	4
Um þingflokk sjálfstæðismanna.....	4
IV. KAFLI.....	5
Um miðstjórn.....	5
V. KAFLI.....	6
Um framkvæmdastjórn.....	6
VI. KAFLI.....	6
Um fjármálaráð.....	6
VII. KAFLI.....	6
Um upplýsinga- og fræðslunefnd.....	6
VIII. KAFLI.....	7
Um sveitarstjórnaráð.....	7
IX. KAFLI.....	7
Um formannaráðstefnu.....	7
X. KAFLI.....	7
Um flokksfélög.....	7
XI. KAFLI.....	8
Um fulltrúaráð.....	8
XII. KAFLI.....	9
Um kjördæmisráð.....	9
XIII. KAFLI.....	10
Um trúnaðarmenn.....	10
XIV. KAFLI.....	10
Um þingframboð.....	10
XV. KAFLI.....	10
Um sveitarstjórnarframboð.....	10
XVI. KAFLI.....	11
Um prófkjör.....	11
XVII. KAFLI.....	11
Um samtök ungra sjálfstæðismanna.....	11
XVIII. KAFLI.....	11
Um verkalýðsráð.....	11
XIX. KAFLI.....	12
Um samtök sjálfstæðiskvenna.....	12
XX. KAFLI.....	12
Um samtök eldri sjálfstæðismanna.....	12
XXI. KAFLI.....	12
Almenn ákvæði.....	12

SKIPULAGSREGLUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Samþykktar 4. maí 1979

með breytingum samþykktum 1. nóvember 1981, 6. nóvember 1983, 14. apríl 1985, 8. október 1989, 10. mars 1991, 13. október 1996, 14. mars 1999, 14. október 2001 og 30. mars 2003, 15. apríl 2007 og 28. mars 2009.

I. KAFLI

Um landsfund

1. gr.

Landsfundur hefur æðsta vald í málefnum flokksins. Hann markar heildarstefnu flokksins í landsmálum og setur reglur um skipulag hans.

2. gr.

Landsfundur skal að jafnaði haldinn annað hvert ár og oftari, ef miðstjórn telur þess brýna þörf. Miðstjórn boðar landsfund. Reglulegir landsfundir skulu boðaðir með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Miðstjórn ákveður fundarstað og fundartíma og kveður á um dagskrá landsfundar. Ætíð skulu eftirfarandi atriði á dagskrá reglulegra landsfunda:

1. Skýrsla formanns flokksins um stjórn málaþróunina frá síðasta landsfundi.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra flokksins um flokksstarfið frá síðasta landsfundi.
3. Kosning formanns og varaformanns, miðstjórnar og annarra miðstjórnarmanna, sbr. 20. gr. a. og b.
4. Afgreiðsla stjórn málaályktunar og málefnaályktana.
5. Tillögur miðstjórnar um lágmark árgjalda í sjálfstæðisfélögum um land allt og kjördæmissjóðsgjald.

Samþykki meirihluta landsfundar þarf til að taka á dagskrá mál, sem miðstjórn hefur ekki lagt fyrir fundinn.

3. gr.

Landsfundur skal í aðalatriðum skipaður í samræmi við tölu sjálfstæðiskjösenda í kjördæmum landsins, þannig:

- a) Hvert kjördæmi hefur rétt til að velja þrjú fulltrúa fyrir hverja 200 kjösendur flokksins í síðustu alþingiskosningum í því kjördæmi og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira.
- b) Hvert sjálfstæðisfélag (ekki fulltrúaráð) hefur rétt til að velja þrjú fulltrúa á landsfund. Þegar í sjálfstæðisfélagi eru 200 fullgildir félagsmenn samkvæmt 35. gr. hefur það rétt til að velja fjóra fulltrúa og að auki einn fyrir hverja 200 fullgilda félagsmenn umfram þá tölu eða helmingsbrot hennar eða meira. Miða skal við fjölda fullgilda félagsmanna samkvæmt félagatali aðalfundar síðasta starfsárs á undan aðalfundi.

4. gr.

Kjördæmisstjórn skiptir þeim fjölda landsfundarfulltrúa, sem kjósa á eftir kjörfylgi flokksins, á milli fulltrúaráðsumdæma eða félagssvæða, ef fulltrúaráð er ekki starfandi í umdæmi, í sem nánustu samræmi við fylgi flokksins á hverjum stað.

Verði ágreiningur um þessa skiptingu skal miðað við tölur fullgilda féлага í sjálfstæðisfélögum í hverju umdæmi á aðalfundi síðasta starfsárs fyrir landsfund.

Vilji fulltrúaráð eða félag í umdæmi án fulltrúaráðs ekki una ákvörðun kjördæmisstjórnar, getur það krafist fundar í kjördæmisráði, sem hefur endanlegt úrskurðarvald um málið.

5. gr.

Ef stjórnir allra sjálfstæðisfélaga í sama fulltrúaráðsumdæmi gera samkomulag um skiptingu landsfundarfulltrúa samkvæmt kjörfylgi sín á milli, er fulltrúaráðsstjórn heimilt að fela þeim kosningu þeirra fulltrúa, allra eða að hluta, sem kjördæmisstjórn hefur úthlutað fulltrúaráðsumdæminu. Ef samkomulag næst ekki má skjóta ágreiningi um skiptingu fulltrúanna til fulltrúaráðsstjórnar og áfram til endanlegs úrskurðar kjördæmisstjórnar.

Félög í umdæmi án fulltrúaráðs geta skotið ágreiningi um skiptingu landsfundarfulltrúa til endanlegs úrskurðar stjórnar kjördæmisráðs.

6. gr.

Hvert sjálfstæðisfélag kýs þá landsfundarfulltrúa er því samkvæmt 3. gr. b. er heimilt að velja, en fulltrúaráðin velja þá landsfundarfulltrúa, sem kjósa á eftir kjörfylgi flokksins, að því marki, sem þau hafa ekki falið sjálfstæðisfélögum kosningu þeirra, sbr. 5. gr.

Kosning landsfundarfulltrúa skal ávallt fara fram á almennum fulltrúaráðs- eða félagsfundum og skal kosninganna getið í fundarboði.

Kosningarrétt og kjörgengi hafa aðeins fullgildir félagsmenn.

7. gr.

Skylt er félagi eða fulltrúaráði að kjósa á sama hátt og segir í 6. gr. hæfilega marga varamenn landsfundarfulltrúa, sem taka sæti á landsfundi í forföllum aðalmanna í þeirri röð, sem kosning þeirra segir til um. Stjórn kjördæmisráðs sker endanlega úr um fjölda varamanna fyrir hvert fulltrúaráð og/eða félag.

8. gr.

Flokksráðsmenn eiga rétt til setu á landsfundi með fulltrúaréttindum. Varamenn flokksráðsmanna samkvæmt 14. gr. 2. mgr. taka sæti á landsfundi í forföllum aðalmanna.

9. gr.

Miðstjórn afhendir kjörgögn til þeirra, sem rétt eiga til setu á landsfundi, samkvæmt skriflegri yfirlýsingu fundarstjóra og ritara þess félags- eða fulltrúaráðsfundar, er kaus landsfundarfulltrúa, þess efnis, að fulltrúinn sé fullgildur félagsmaður og réttkjörinn á aðalfund. Val aðal- og varamanna skal tilkynnt aðalskrifstofu miðstjórnar eigi síðar en viku fyrir landsfund.

Varamaður fær kjörgögn samkvæmt sömu yfirlýsingum, en þó því aðeins að hann skili aftur endanlega til miðstjórnar kjörgögnum þess aðalmanns, er hann á að taka sæti fyrir, eða sanni með öðrum hætti, að aðalmaður verði forfallaður á landsfundi.

Flokksráðsmenn fá kjörgögn samkvæmt spjaldskrá miðstjórnar. Sama máli gegnir um varamenn flokksráðsmanna, en þó því aðeins, að kjörgögnum aðalmanns sé skilað til miðstjórnar eða forföll hans sönnuð.

II. KAFLI

Um flokksráð

10. gr.

Flokksráð markar stjórnmalastefnu flokksins, ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar. Ekki má taka ákvörðun um afstöðu flokksins til annarra stjórnmalaflokka nema með samþykki flokksráðs.

11. gr.

Formaður flokksins er formaður flokksráðs og varaformaður flokksins er varaformaður flokksráðs.

12. gr.

Flokksráð skal boðað til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári við upphaf hvers reglulegs Alþingis eða oftari ef formanni þykir ástæða til eða ef 20 flokksráðsmenn eða fleiri óska þess skriflega, að ráðið sé kvatt saman til fundar.

13. gr.

Sjálfkjörnir í flokksráð eru:

- a) Miðstjórn, framkvæmdastjórn, fjármálaráð, upplýsinga- og fræðslunefnd, stjórn sveitarstjórnarráðs, fastráðnir starfsmenn flokksins í fullu starfi.
- b) Formenn málefnanefnda flokksins, sbr. 22. gr.
- c) Alþingismenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista flokksins við alþingiskosningar hverju sinni. Frambjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrir en að afloknum alþingiskosningum, hafi hann ekki átt þar sæti fyrir.
- d) Fyrrverandi kjörnir alþingismenn flokksins.

14. gr.

Kjördæmisráð kjósa árlega á aðalfundi í flokksráð einn fulltrúa fyrir hverja þúsund kjósendur Sjálfstæðisflokksins í síðustu alþingiskosningum í því kjördæmi og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira. Fulltrúatala kjördæmis skal þó aldrei vera lægri en nemur heildartölu kjörinna þingmanna í kjördæminu. Landssambönd innan vébanda flokksins kjósa hvert um sig 8 menn í flokksráð og að auki einn fulltrúa fyrir hvert þúsund félag og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira.

Kjördæmisráð og landssamtök kjósa varamenn í flokksráð jafnmarga og aðalmenn og má við kjör varamanns ákveða hvers varamaður hann sé. Tekur varamaður sæti í flokksráði þegar aðalmaður getur ekki mætt.

Heimilt er miðstjórn að afloknum landsfundi að tilnefna í flokksráð allt að 20 menn úr hópi fyrrverandi miðstjórnarmanna.

III. KAFLI

Um þingflokk sjálfstæðismanna

15. gr.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins mynda þingflokk sjálfstæðismanna.

16. gr.

Þingflokkurinn tekur ákvarðanir um afstöðu flokksins á Alþingi. Að meginstefnu er þingflokkurinn bundinn af ákvörðunum landsfundar og flokksráðs en markar stefnu flokksins að öðru leyti í samráði við miðstjórn.

17. gr.

Þingflokkurinn kýs sér í upphafi hvers þings, formann, varaformann og ritara. Að öðru leyti setur þingflokkurinn sér starfsreglur, sem flokksráð staðfestir.

IV. KAFLI

Um miðstjórn

18. gr.

Framkvæmdastjórn flokksins er í höndum miðstjórnar. Hún hefur úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum flokksins, hefur umráð eigna hans og gætir þess, að skipulagsreglum hans sé fylgt. Miðstjórn semur árlega skýrslu um starf flokksins og leggur hana fyrir flokksráðsfund til umræðu. Miðstjórn fjallar árlega um reikninga flokksins, sem fjármálaráð skal bera undir hana til samþykktar. Ákvörðunum miðstjórnar má skjóta til flokksráðs og síðar landsfundar.

19. gr.

Ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar eða flokksráðs um pólitíska afstöðu flokksins og ekki er unnt að koma því við, að þessir aðilar taki afstöðu til mála, sem skyndilega ber að höndum skal miðstjórn fjalla um þau og getur hún þá markað hina pólitísku afstöðu flokksins.

20. gr.

Miðstjórn er þannig skipuð:

- a) Formaður og varaformaður flokksins, sem kosnir skulu beinni og óbundinni kosningu af landsfundí.
Hljóti enginn meira en helming gildra atkvæða skal á ný efnt til atkvæðagreiðslu milli þeirra tveggja, er flest atkvæði hlutu eða þeirra, sem efstir og jafnir urðu séu þeir fleiri en tveir. Telst sá kjörinn, sem flest atkvæði hlýtur.
- b) Landsfundur kýs ellefu menn úr hópi annarra en alþingismanna flokksins á þeim tíma, sem landsfundur er haldinn. Falli landsfundarkjörinn miðstjórnarmaður frá eða segi af sér, skal sá sem næstur kom að atkvæðamagni taka sæti í miðstjórn.
Kosningar til miðstjórnar skulu vera bundnar við skriflegar tillögur án meðmælenda. Framkvæmd kosninganna annast þriggja manna kjörstjórn skipuð af miðstjórn eigi síðar en viku fyrir landsfund. Kjósa skal minnst fimm fulltrúa og mest ellefu fulltrúa til þess að kjörseðill teljist gildur.
- c) Fimm alþingismenn flokksins kjörnir af þingflokki á þeim tíma, sem um getur í b-lið.
- d) Formenn landssamtaka innan flokksins, sem stofnuð eru og starfrækt samkvæmt skipulagsreglum hans, eru sjálfkjörnir í miðstjórn. Þá skal hverju landssambandi um sig heimilt að tilnefna einn fulltrúa í miðstjórn, með málfrelsi og tillögurétti, eigi enginn meðlimur samtakanna þegar sæti í miðstjórn samkvæmt heimildum a), b) og c) liða þessarar greinar.
- e) Formenn kjördæmisráða eru sjálfkjörnir í miðstjórn. Formanni þingflokks, fjármálaráðs, sveitarstjórnaráðs, upplýsinga- og fræðslunefndar, er heimil seta á miðstjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti, eigi þeir ekki sæti í miðstjórn.

Deyi formaður flokksins eða forfallist tekur varaformaður sæti hans en flokksráð kýs nýjan varaformann.

21. gr.

Aðalskrifstofa miðstjórnar skal vera í Reykjavík en miðstjórn getur sett upp flokksskrifstofur á sínum vegum víðar um land. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins svo og forstöðumenn miðstjórnarskrifstofa úti um land. Um val forstöðumanna miðstjórnarskrifstofa utan Reykjavíkur skal hafa samráð við stjórnir viðkomandi kjördæmisráða. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins í samráði við miðstjórn. Framkvæmdastjóri og forstöðumenn miðstjórnarskrifstofa út um land skulu eigi ráðnir lengur en til 4 ára í senn. Fastráðnir starfsmenn flokksins skulu ekki skipa aðalsæti á framboðslista flokksins til Alþingis.

22. gr.

Miðstjórn skipar málefnanefndir til þess að fjalla um afmörkuð málefni og skulu þær skila álitgerðum sínum og tillögum til miðstjórnar. Málefnanefndir undirbúa einnig drög að ályktunum fyrir landsfundi og alþingiskosningar og leggja fyrir miðstjórn. Miðstjórn setur málefnanefndum starfsreglur.

23. gr.

Miðstjórn skal eigi sjaldnar en árlega koma saman til fundar utan höfuðborgarsvæðisins. Beinn ferðakostnaður miðstjórnarmanna, kosinna á landsfundi, skal greiddur úr sameiginlegum rekstrarsjóði flokksins skv. reikningi, eftir reglum, sem miðstjórn setur.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn

24. gr.

Framkvæmdastjórn flokksins skipa fimm menn: formaður flokksins, sem jafnframt er formaður framkvæmdastjórnar, varaformaður flokksins og formaður þingflokks, auk tveggja manna, sem miðstjórn kys úr sínum hópi.

Framkvæmdastjórn starfar í umboði miðstjórnar að samræmingu flokksstarfsins og eflingu. Miðstjórn setur framkvæmdastjórn erindisbréf og felur henni að auki sérstök verkefni. Fundargerðir framkvæmdastjórnar skulu lagðar fram á miðstjórnarfundum.

VI. KAFLI

Um fjármálaráð

25. gr.

Miðstjórn skipar fjármálaráð, sem hefur með höndum fjármál flokksins. Í fjármálaráði geta setið allt að 20 fulltrúar.

26. gr.

Miðstjórn skipar formann fjármálaráðs en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.

27. gr.

Miðstjórn setur fjármálaráði starfsreglur. Fjármálaráð skal skipað að loknum hverjum almennum þingkosningum. Það skal gera miðstjórn grein fyrir störfum sínum árlega.

VII. KAFLI

Um upplýsinga- og fræðslunefnd

28. gr.

Miðstjórn skipar fimm manna upplýsinga- og fræðslunefnd, sem vinnur að tillögum og áætlunargerð á sviði fræðslumála og upplýsingamála flokksins samkvæmt erindisbréfi sem miðstjórn setur.

VIII. KAFLI

Um sveitarstjórnaráð

29. gr.

Aðal- og varamenn Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnnum hverju sinni mynda sveitarstjórnaráð Sjálfstæðisflokksins. Flokksbundnir sjálfstæðismenn sem gegna störfum bæjar- eða sveitarstjóra eða taka þátt í sameiginlegum framboðum til sveitarstjórna eiga einnig aðild að ráðinu. Sveitarstjórnaráð heldur aðalfund sinn á fjögurra ára fresti, að loknum sveitarstjórnarkosningum, og kýs sér þá 9 manna stjórn. Ráðið setur sér sjálft starfsreglur.

IX. KAFLI

Um formannaráðstefnu

30. gr.

Ráðstefna formanna allra sjálfstæðisfélaga og annarra flokkssamtaka skal haldin eftir ákvörðun miðstjórnar, þar sem m.a. skal ræða skipulags- og útbreiðslumál en miðstjórn ákveður að öðru leyti dagskrá hennar.

31. gr.

Heimilt er miðstjórn að fella saman flokksráðsfund og formannaráðstefnu. Ekki getur slík ráðstefna gert ályktanir um mál, sem sérstaklega eru fengin flokksráði til ákvörðunar samkvæmt skipulagsreglum.

X. KAFLI

Um flokksfélög

32. gr.

Heimilt er að stofna og starfrækja eftirtaldar tegundir sjálfstæðisfélaga:

- a) Almenn félög sjálfstæðisfólks.
- b) Félög ungs sjálfstæðisfólks.
- c) Félög sjálfstæðiskvenna.
- d) Félög sjálfstæðisfólks innan launþegasamtaka.
- e) Önnur félög sjálfstæðisfólks sem miðstjórn og kjördæmisráð samþykkja.

Ekki má stofna og starfrækja fleiri en eitt sjálfstæðisfélag sömu tegundar á sama félagssvæði, sbr. þó 33. gr.

33. gr.

Félagssvæði skal ná yfir sveitarfélag. Þó getur stjórn kjördæmisráðs ákveðið að félagssvæði nái yfir fleiri en eitt sveitarfélag innan sama kjördæmis.

Miðstjórn getur heimilað með samþykki stjórna viðkomandi fulltrúaráðs og kjördæmisráðs að stofna og starfrækja fleiri en eitt almennt félag sjálfstæðisfólks í sveitarfélagi, enda nái hvert félag yfir ákveðið hverfi í sveitarfélaginu. Miðstjórn getur heimilað að félög nái yfir fleiri en eitt kjördæmi.

34. gr.

Flokksbundinn sjálfstæðismaður getur hver sá gerst sem orðinn er 15 ára og gerist félagsmaður í sjálfstæðisfélagi á því félagssvæði þar sem hann er búsettur, enda hafi stjórn félagsins samþykkt inngöngu hans í félagið. Gegni maður trúnaðarstörfum fyrir annan stjórnarmálaflokk getur hann ekki verið félagi í sjálfstæðisfélagi. Ákvörðun félags skv. þessari grein er unnt að skjóta til miðstjórnar.

35. gr.

Fullgildir félagsmenn teljast þeir sem greitt hafa eigi síðar en á aðalfundi félags það árgjald, sem síðasti aðalfundur félagsins ákvað eða eru styrktarmenn Sjálfstæðisflokksins. Heimilt er að undan-skilja elli- og/eða örorkulífeyrisþega frá gjaldskyldu í sjálfstæðisfélögum með fullum félagsréttindum. Þeir teljast einnig fullgildir félagsmenn í Sjálfstæðisflokknum, sem skráð hafa sig á aðalskrifstofu flokksins til þátttöku í málefnum flokksins, enda veitir slík skráning beina aðild að almennu sjálfstæðisfélagi á því félagssvæði sem viðkomandi félagsmaður býr á.

Aðeins fullgildir félagsmenn eiga kosningarrétt og kjörgengi til hvers konar trúnaðarstarfa innan félagi og flokksins í heild (t.d. í fulltrúaráð, kjördæmisráð, flokksráð, miðstjórn og á landsfundi).

36. gr.

Hvert sjálfstæðisfélag setur sér eigin lög, sem ekki mega brjóta í bága við skipulagsreglur flokksins, enda nýttur félag ekki réttinda innan flokksins nema lög þess hafi verið staðfest af viðkomandi kjördæmisstjórn.

37. gr.

Félag þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að halda réttindum sínum.

- a) Að hafa minnst 20 fullgilda félagsmenn.
- b) Að fylgja skipulagsreglum flokksins að dómi miðstjórnar.
- c) Að halda aðalfund á ári hverju og eigi síðar en í nóvember.
- d) Að senda árlega, að afloknum aðalfundi, stjórn fulltrúaráðs, stjórn kjördæmisráðs og miðstjórn skýrslu um starfsemi félagsins á árinu ásamt skrá yfir fullgilda félagsmenn miðað við þann aðalfund og upplýsingar um fjölda aukafélaga, sbr. 35. gr. 2. mgr.
- e) Að greiða árgjald í kjördæmissjóð fyrir hvern fullgildan félagsmann samkvæmt félagatali síðasta aðalfundar félagsins eftir nánari ákvörðun kjördæmisráðs og fjármálanefndar kjördæmisins.

38. gr.

Öll réttindi félags, sem ákvarðast af fjölda félagsmanna samkvæmt skipulagsreglum flokksins skulu miðuð við fjölda fullgildra félagsmanna á síðasta aðalfundi félagsins.

39. gr.

Nýtt og endurvakið sjálfstæðisfélag skal hafa starfað í sex mánuði áður en það öðlast réttindi til að kjósa menn í fulltrúaráð eða kjördæmisráð, nema bæði miðstjórn og kjördæmisráð samþykki annað.

XI. KAFLI

Um fulltrúaráð

40. gr.

Sjálfstæðisfélög í hverju sveitarfélagi mynda sameiginlegt fulltrúaráð, sem fer með stjórn sameiginlegra mála félaganna á starfssvæðinu.

Kjördæmisráð getur ákveðið önnur staðarmörk fulltrúaráðs innan kjördæmisins að áskildu samþykki viðkomandi félags- og fulltrúaráðsstjórna.

Í Reykjavík fer fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna með mál Reykjavíkurkjördæma.

Ákvæði 42. - 44. gr. og 50. gr. ná ekki til fulltrúaráðsins í Reykjavík.

41. gr.

Fulltrúaráð skal skipað það mörgum mönnum, að svari til eins fulltrúa fyrir hverja 100 íbúa sveitarfélagsins. Meðlimir fulltrúaráðs skulu þó aldrei vera færri en 12 og eigi fleiri en 180, að viðbættum formönnum allra sjálfstæðisfélaga á starfssvæðinu. Í sérlægum fulltrúaráðs er heimilt að ákveða aðra tölu fulltrúaráðsmanna en hér greinir en við kjör til kjördæmisráðs og atkvæðagreiðslu um sameiginleg mál kjördæmisins, sem fulltrúaráðum er ætlað að taka ákvörðun um, skulu réttindi takmörkuð við þá tölu fulltrúaráðsmanna, sem hér er ákveðin.

42. gr.

Þar sem fleiri en eitt félag er í sveitarfélagi velja þau í fulltrúaráð í hlutfalli við meðlimatölu fullgilda félagsmanna en heimilt er þeim að semja um önnur hlutföll í skiptingu fulltrúa milli félaganna.

43. gr.

Fulltrúaráð skal kosið árlega. Stjórn fulltrúaráðs fylgist með því að félögin kjósi reglulega fulltrúa sína í ráðið og endurskoðar árlega skiptingu fulltrúa milli félaganna í samræmi við tölu fullgilda félagsmanna. Er stjórnnum félaganna skylt að gefa stjórn fulltrúaráðs nákvæmar upplýsingar um fjölda fullgilda félagsmanna.

44. gr.

Hvert fulltrúaráð setur sér nánari starfsreglur, þar sem m.a. séu ákvæði um stjórn ráðsins. Ekki mega starfsreglur fulltrúaráðsins brjóta í bága við skipulagsreglur flokksins.

45. gr.

Þegar aðeins er eitt sjálfstæðisfélag í sveitarfélagi er ekki skylt að starfrækja þar einnig fulltrúaráð, heldur fer stjórn félagsins með öll þau réttindi sem stjórn fulltrúaráðs á starfssvæðinu annars hefði. Félagshöfundir fara með réttindi fulltrúaráðsfunda og skal fjöldi fulltrúa félagsins í kjördæmisráð miðaður við, að þar starfi einnig fulltrúaráð, sbr. 47. gr.

Formaður slíks félags er sjálfkjörinn í kjördæmisráð, á sama hátt og formenn fulltrúaráða.

XII. KAFLI

Um kjördæmisráð

46. gr.

Kjördæmisráð fer með sameiginleg flokksmál í hverju kjördæmi. Í Reykjavík fer fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna með mál Reykjavíkurkjördæma.

47. gr.

Fulltrúaráð kjósa hvert um sig fulltrúa í kjördæmisráð, einn fulltrúa fyrir hverja 10 fulltrúaráðsmeðlimi eða brot úr þeirri tölu, sbr. 41. gr. i.e. Formenn fulltrúaráða eru sjálfkjörnir í kjördæmisráð. Að auki kjósa félögin í kjördæmisráð sem svarar einum fulltrúa fyrir hverja 50 fullgilda félagsmenn sjálfstæðisfélaga í umdæminu og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira, í réttu hlutfalli við fjölda fullgilda félagsmanna á síðasta aðalfundi félagsins. Þó skal félag, sem ekki nær þessari tölu hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kjördæmisráð. Stjórn fulltrúaráðs skiptir fulltrúum milli félaganna eftir þessari reglu. Vilji félögin ekki una þeirri skiptingu, geta þau lagt ágreininginn undir úrskurð almenns fundar í fulltrúaráðinu en síðar má skjóta málinu til kjördæmisráðs, sem hefur endanlegt úrskurðarvald.

Formenn fulltrúaráða, kjörnir þingmenn flokksins í kjördæminu og stjórnarmenn í stjórn kjördæmisráða eru sjálfkjörnir í kjördæmisráð.

48. gr.

Kjördæmisráð skal koma saman til fundar minnst einu sinni ári.

49. gr.

Kjördæmisráð kys úr sínum hópi kjördæmisstjórn sjö manna. Heimilt er þó að stjórnina skipi allt að 15 manns, enda sé sú tilhögun samþykkt með minnst tveimur þriðju atkvæða. Ráðið hefur ennfremur heimild til að skipa skipulagsnefnd, fjármálanefnd, útgáfu- og upplýsinganefnd og aðrar nefndir sem hún telur ástæðu til. Formaður kjördæmisráðs skal kjörinn sérstaklega.

50. gr.

Kjördæmisstjórn ber gagnvart miðstjórn ábyrgð á því, að flokkskerfið í viðkomandi kjördæmi sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins. Kjördæmisstjórn fylgist með því að fulltrúaráðin og félögin kjósi reglulega fulltrúa í kjördæmisráð. Er stjórnnum fulltrúaráða og flokksfélaga skylt að gefa kjördæmisráði upplýsingar um félagatölu og önnur þau atriði, sem kjördæmisstjórn er nauðsynlegt að vita um, til þess að geta gegnt hlutverki sínu.

51. gr.

Kjördæmisráð skal kosið árlega.

XIII. KAFLI

Um trúnaðarmenn

52. gr.

Kjördæmisráðs- og fulltrúaráðsmenn um land allt eru á hverjum tíma trúnaðarmenn miðstjórnar flokksins.

XIV. KAFLI

Um þingframboð

53. gr.

Kjördæmisráð ákveður framboðslista flokksins við kosningar til Alþingis. Þegar ákveða skal framboð, skal til þess fundar boðað á þann hátt að allir ráðsmenn fái örugglega vitneskju um fundinn og dagskrá hans með minnst viku fyrirvara. Til þess að listi sé lögmætur, þarf meirihluti fundarmanna að gjalda honum jákvæði.

Skylt er að hafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef þess er óskað.

54. gr.

Staðfestingar miðstjórnar þarf á framboðslista, svo að hann verði fram borinn í nafni flokksins.

XV. KAFLI

Um sveitarstjórnarframboð

55. gr.

Um framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga gilda eftirfarandi reglur:

a) Í sveitarfélögum þar sem fulltrúaráð starfa skulu framboð ákveðin af þeim.

- b) Í sveitarfélögum þar sem ekki er fulltrúaráð skulu framboð ákveðin af því sjálfstæðisfélagi sem þar er starfandi.
- c) Þar sem fulltrúaráð eða sjálfstæðisfélög ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag skal atkvæðisréttur um framboð aðeins heimill þeim, sem lögheimili eiga innan þess sveitarfélags, sem kjósa skal í.

Þar sem flokkurinn myndar sveitarstjórnarmeirihluta með öðrum flokkum eða samtökum skal kynna málefнасamning meirihlutans hjá þeim stofnunum flokksins er ákváðu framboðið. Fulltrúaráði er skylt að setja reglur um það hvernig staðið er að meirihlutasamstarfi við aðra flokka í sveitarstjórnunum.

XVI. KAFLI

Um prófkjör

56. gr.

Miðstjórn flokksins setur reglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis og sveitarstjórna. Í þeim reglum skal m.a. kveðið á um, hvernig unnt sé að óska eftir prófkjöri, þannig að skylt sé að framkvæma það, svo og hvernig prófkjör eigi fram að fara.

Ákvörðunarvald um prófkjör er ávallt í höndum kjördæmisráðs við framboð til alþingiskosninga, en í höndum fulltrúaráða og/eða sjálfstæðisfélaga við framboð til sveitarstjórnarkosninga.

Miðstjórn setur samræmdar framkvæmdareglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis sem gilda skulu þar sem prófkjör eru ákveðin.

XVII. KAFLI

Um samtök ungra sjálfstæðismanna

57. gr.

Samband ungra sjálfstæðismanna fer með yfirstjórn félagsmála ungra sjálfstæðismanna innan vébanda flokksins. Félagismaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna getur hver sá gerst sem orðinn er 15 ára. Sambandið setur sér sjálft starfsreglur.

XVIII. KAFLI

Um verkalýðsráð

58. gr.

Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins fer með yfirstjórn málefna félagsamtaka launþega innan vébanda flokksins. Reglur um starfsemi verkalýðsráðs og skipulag launþegasamtaka flokksins skulu settar af fulltrúasamkomu samtakanna.

XIX. KAFLI

Um samtök sjálfstæðiskvenna

59. gr.

Landsamband sjálfstæðiskvenna fer með yfirstjórn félagsmála félaga sjálfstæðiskvenna innan vébanda flokksins. Landssambandið setur sér sjálft starfsreglur.

XX. KAFLI

Um samtök eldri sjálfstæðismanna

60. gr.

Samtök eldri sjálfstæðismanna fara með yfirstjórn félagsmála eldri sjálfstæðismanna innan vébanda flokksins. Félagsmaður í Samtökum eldri sjálfstæðismanna getur hver sá gerst sem orðinn er 60 ára. Heimilt er að starfrækja eitt eða fleiri félög innan samtakanna. Samtökin setja sér sjálf starfsreglur.

XXI. KAFLI

Almenn ákvæði

61. gr.

Sérsambönd teljast Samband ungra sjálfstæðismanna, Landsamband sjálfstæðiskvenna, Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins og Samtök eldri sjálfstæðismanna. Önnur sérsambönd verða ekki mynduð nema með samþykki landsfundar.

62. gr.

Starfsreglur sérsambanda innan flokksins og allra flokkssamtaka skulu fá staðfestingu miðstjórnar.

63. gr.

Landsfundur einn hefur vald til þess að breyta skipulagsreglum flokksins en veitt getur landsfundur miðstjórn eða flokksráði leyfi til bráðabirgðabreytinga milli landsfunda.